

Framhaldsaðalfundur BSRB árið 2008

Framhaldsaðalfundur BSRB var haldinn 8. desember í BSRB-húsinu að Grettisgötu 89 og hófst kl. 10. Þátttakendur voru samkvæmt meðfylgjandi lista (fskj. 0.1).

Dagskrá:

1. Tillaga að breytingum á reglugerð fyrir orlofsheimili BSRB
2. Önnur mál

Ögmundur Jónasson formaður BSRB setti fundinn og lagði til að Þuríður Einarsdóttir yrði fundarstjóri og Sigurður Á. Friðbjólfsson fundarritari.
Samþykkt samhljóða.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár ræddi Ögmundur Jónasson um framvindu kjaramála og aðkomu BSRB að samráði ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins vegna þeirrar stöðu sem uppi er í efnahagsmálunum. Sagði hann BSRB hafa tekið jákvætt í slíkt samstarf og hefðu hann og Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB sótt einn fund með fulltrúum ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins

Ögmundur ræddi þá vaxtabyrði sem hvíldi á almenningi og taldi rétt að það yrði skoðað að frysta um sinn vísitöluna í fjármálakerfinu til að koma í veg fyrir misgengi lána og launa en fólk yrði að gera sér grein fyrir því að það hefði einnig áhrif á ávinnslu lífeyrisréttinda. Þá sagðist hann vera fylgjandi því að opnað yrði á séreignarsparnaðinn í lífeyriskerfinu til fólk gæti komið í veg fyrir að missa húsnæði sitt.

Ögmundur benti á að Einar Árnason hagfræðingur BSRB hefði vakið athygli á að vísitölugrunnurinn væri úreltur og þyrfti því að endurskoða hann. Hann sagði að BSRB hefði átt fund með helstu heildarsamtökum launafólks, ASÍ, BHM, KÍ og Samtökum starfsmanna fjármálastofnana og viðsejendum þessara aðila. BSRB hefði alla fyrirvara á í þessu efni þótt sjálfsagt væri að vinnumarkaðurinn allur reyndi að samræma aðgerðir. Þá fjallaði hann um boðaðan 10% niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og sagði að þegar væri farið að bera á því að stjórnendur stofnana og opinberra fyrirtækja væru farnir að grípa til lækkunar á launum. Sagði hann fráleitt að gripið væri til almennra ráðstafana án samráðs við stéttarfélögin. Boðaði hann að ályktun um þetta efni yrði lögð fyrir fundinn.

1. mál **Tillaga að breytingum á reglugerð fyrir orlofsheimili BSRB**

Árni Stefán Jónsson mælti fyrir tillögu að breytingum á reglugerð fyrir orlofsheimili BSRB sem lá fyrir fundinum (sjá fskj. 1). Í tillögunni er lagt til að nafni orlofsheimila BSRB verði breytt í „Eignarsjóð orlofsheimila BSRB.“ Tilgangur eignarsjóðsins er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarféлага BSRB til að veita félagsmönnum aðstöðu til orlofsdvalar. Húsin í Stóruskógum heyra undir eignarsjóðinn og eitt hús á Eiðum. Þá er þjónustumiðstöðin í Munaðarnesi, Birkihlíð og starfsmannabústaðirnir á vegum eignarsjóðsins. Sérstök rekstrarfélög verða svo stofnuð um rekstur húsanna í Munaðarnesi og á Eiðum.

Sagði Árni Stefán að með þessum breytingum væri rekstur húsanna aðskilinn frá BSRB í sérstök rekstrarfélög, eitt félag fyrir húsin í Munaðarnesi og annað fyrir húsin á Eiðum. Þannig fengu aðildarfélögin meira svigrúm til að ráðast í framkvæmdir við sitt/sín hús en verið hefur hingað til.

Talsverð umræða varð um einstaka liði í samningnum, m.a. um c) lið 3. gr. þar sem kveðið er á um aðstöðugjald frá rekstrarfélagunum í Munaðarnesi og á Eiðum til eignarsjóðsins. Árni Stefán taldi að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af því þar sem þarna væri einungis um varnagla að ræða ef tekjur sjóðsins nægðu ekki. Þá varð umræða um 2. gr. tillögunnar þar sem segir að BSRB sé eigandi allra mannvirkja svo og lausafjármuna í húsunum. Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB útskýrði hvers vegna orðalag væri með þessum hætti.

Kristín Á. Guðmundsdóttir lagði fram sérstaka bókun en hún hafði ásamt Elínu Björgu Jónsdóttur lagt fram tillögu fyrir fyrri aðalfundinn um frestun fundarins til að hægt væri að kynna málið betur fyrir félögunum. Bókun Kristínar fer hér á eftir:

„Lýsi ánægju með þá breytingu sem orðin er á tillögu um breytingu á reglugerð fyrir orlofsheimili BSRB. Breytingin gerir það að verkum að fulltrúar aðalfundar BSRB geta nú mun frekar tekið upplýsta ákvörðun.“

Puríður Einarsdóttir bar svo upp tillöguna til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál Önnur mál

a) Ögmundur Jónasson mælti fyrir tveimur ályktunum fundarins þar sem annars vegar er varað við einhliða launalækkunum og hins vegar ályktun um að vísitölugrunnur lána verði endurskoðaður. Ályktanirnar fara hér á eftir:

BSRB varar við einhliða launalækkunum

Á ýmsum vinnustöðum, þar með talið stofnunum ríkis og sveitarfélaga, hefur verið um það rætt að lækka laun og skerða kjör til að mæta þverrandi tekjum. BSRB er fylgjandi kjarajöfnun ekki síst þegar sverfur að fjárhag fyrirtækja og stofnana. En að sama skapi er alvarlega varað við einhliða ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og stofnana hvað þetta snertir. Engar almennar ákvarðanir hvað varðar breytingar á kjörum starfsfólks, þar með talið starfshlutfalli, á að taka án vitundar og samráðs við starfsfólk og stéttarfélög þess. BSRB leggur ríka áherslu á að ólöglegt er að skerða kjarasamningsbundin kjör starfsmanna.

Ráðstafanir stjórnvalda beinast enn sem komið er meira og minna að því að koma byrðunum yfir á almennt launafólk og fráleitt að réttlæta launalækkun og frekari skerðingar á þess kostnað. Þegar hefur almennt launafólk orðið fyrir verulegri kjaraskerðingu af völdum fjármálahrunsins.

Enn bólar ekki á neinum ráðstöfunum til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og verst þola áföllin. Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að gæta. Á tímum samdráttar og erfiðleika á að efla velferðarþjónustuna en ekki veikja hana enda er hún í senn öryggisnet og til þess fallin að jafna aðstöðu fólks.

BSRB vill endurskoða vísitölugrunn lána

Háir vextir og óðaverðbólga ógna nú fjárhagslegu öryggi margra fjölskyldna. Vaxtabyrðarnar þyngjast með snarhækkandi verðbólgu. Þegar kaupmáttur fer þverrandi í ofanálag er þess skammt að bíða að fjöldi fólks geti ekki staðið í skilum og áhvílandi lán á íbúðarhúsnæð verði langt umfram mögulegt söluverð. Mikil verðbólga á næstu mánuðum gæti skipt sköpum fyrir margar fjölskyldur. Við þessar aðstæður er brýnt að gripið verði nú þegar til róttækra ráðstafana. Þar skiptir höfuðmáli að létta skuldaklyfjarnar. Í því sambandi þarf að taka verðtryggingu íbúðalána til endurskoðunar enda byggir hún á þriggja ára gömlu neyslumynstri sem engan veginn endurspeglar gjörbreyttar aðstæður í dag.

Talsverð umræða varð um ályktanirnar og ljóst að framundan eru erfiðir tímar. Þuríður bar síðan upp tillögurnar til atkvæðagreiðslu og voru þær samþykktar samhljóða.

b) Kristín Á. Guðmundsdóttir ræddi um DK – bókunarkerfið og sagði að Sjúkraliðafélagið hefði átt við ýmis vandamál að etja vegna þess. Drífa Valdimarsdóttir svaraði Kristínu og sagði að upplýsinga- og umræðufundur um kerfið yrði fimmtudaginn 11. desember.

Ögmundur Jónasson sagði að á fundinum hefði verið góð umræða og að BSRB kæmi sterkt inn í umræðuna á þeim umrótstímum sem nú væru. Sagði hann brýnt að stéttarfélagin kæmu að því borði þar sem ákvarðanir væru teknar. Minnti hann síðan á stjórnarfund BSRB föstudaginn 12. desember.

Þuríður Einarsdóttir minnti á stofnfundi rekstrarfélaganna sem haldnir yrðu seinna sama dag og framhaldsaðalfundurinn.

Fundi var slitið kl.12.

Sigurður Á. Friðbjólfsson

upplýsinga- og fræðslufulltrúi BSRB